


6. janúar 2005

Próun skatttekna

12 mánaða breytingar m.v. 6. mán. meðaltal á föstu verðlagi



Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar - nóvember 2004

Nú liggja fyrir tölur um afkomu ríkissjóðs til nóvemberloka. Framsetning afkomuyfirlits hefur verið færð nær almennum sjóðstreymisyfirlitum. Við samanburð á rekstrarafkomu fyrri ára verður að hafa í huga að færsla gjalda er nú nær rekstrargrunni en áður. Þetta hefur þau áhrif að gjöldin verða um 5 milljörðum króna hærra en ella sem veldur því að tölur eru ekki samanburðarhæfar milli ára. Tekjur ríkissjóðs eru hins vegar gerðar upp með sambærilegum hætti og áður.

Samkvæmt [nóvemberuppgjöri](#) reyndist handbært fé frá rekstri neikvætt um 8,2 milljarða króna sem er 14,5 milljörðum betri staða en á sama tíma í fyrra. Áætlun gerði á þeim tíma ráð fyrir um 10,9 milljarða króna lakari stöðu.

Heildartekjur ríkissjóðs námu 247,7 milljörðum króna og hækkuðu um rúma 18 milljarða frá sama tímabili í fyrra eða um 8%. Skatttekjur ríkisins námu þar af 230,3 milljörðum króna sem er 13,7% meiri innheimta miðað við sama tíma í fyrra eða um 10,3% hækkan að raungildi. Innheimta skatttekna á tekjur og hagnað nam tæplega 72,4% og hækkuðu um 17% frá fyrra ári. Þar af hækkuðu tekjuskattar einstaklinga um tæpa 6 milljarða og tekjuskattur lögaðila um tæpa 2 milljarða. Innheimta tryggingagjalda jókst einnig á þessu tímabili eða um 10,3% frá því í fyrra en til samanburðar má nefna að launavísitala Hagstofunnar hækkaði um 4,6% á sama tímabili. Innheimta eignaskatta nam tæpum 11 milljörðum króna í nóvemberlok sem er aukning eða um 44,2%. Hér ber að nefna að aukning í innheimtu stimpilgjalda nam tæplega 62,8% frá fyrra ári enda hefur landslagið á lánamarkaðinum tekið miklum breytingum á árinu sem hefur stuðlað að því að margir sjá kostina við að skuldbreyta lánunum sínum. Innheimta veltuskatta ríkissjóðs hefur einnig aukist eða um 12,7% frá fyrra ári sem nemur 9,3% að raungildi. Þar munar mestu um innheimtu tekna af virðisaukaskatti, sem jafngildir 9,7% raunhækkun. Af öðrum óbeinum sköttum má nefna að talsverð aukning var í innheimtu vörugjalda af ökutækjum, eða um 36,4%. Sú aukning stafar fyrst og fremst af auknum innflutningi bifreiða en á fyrstu ellefu mánuðum ársins hefur nýskráning bifreiða aukist um 27,6% frá sama tímabili í fyrra.

Útgreiðslur fyrstu ellefu mánuði ársins nema 257 milljörðum króna og hækka um 16,6 milljarða milli ára, en að teknu tilliti til breyttrar færslu gjalda nemur hækkanin um 11,6 milljörðum króna, eða um 4,8%. Hækkan milli ára kemur að langmestu leyti fram í félagsmálum, eða 14,1 milljarður. Undir þann málaflokk falla nær 2/3 hlutar af öllum útgjöldum ríkisins. Þannig hækka greiðslur til heilbrigðismála um 5,4 milljarða, hækkan almannatrygginga nemur 3,6 milljörðum og 2,5 milljarðar eru vegna fræðslumála. Þar næst

munar mest um 2 milljarða hækkan löggæslu og almennra opinberra mála. Á móti kemur að vaxtagjöldin lækka um 0,8 milljarð milli ára og greiðslur til atvinnumála hækka um 0,7 milljarða sem er innan við 2%. Í heild eru greiðslurnar 700 milljónum umfram áætlun fjárlaga að viðbættum fluttum fjárheimildum frá árinu 2003. Þar vegur þyngst að greiðslur til almannatrygginga eru 3,6 milljörðum umfram áætlun. Greiðslur til heilbrigðismála eru 2,1 milljarði umfram áætlun fjárlaga. Útgjöld til samgöngumála eru 3,2 milljörðum innan áætlunar þegar ónýtum heimildum fyrra árs er bætt við fjárlagaáætlun. Önnur frávik eru minni.

Lántökur námu 27,6 milljörðum króna en afborganir voru 32,3 milljörðum. Þá voru greiddir 6,9 milljarðar króna til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins í því skyni að lækka framtíðarskuldbindingar ríkissjóðs. Handbært fé ríkissjóðs lækkaði um 2,1 milljarð á fyrstu ellefu mánuðum ársins.

Innflutningur í desember

Bráðabirgðatölur um innheimtu virðisaukaskatts sýna að vöruinnflutningur í desember nam tæpum 19 milljörðum króna, án skipa og flugvéla. Að raungildi er þetta tæplega fjórðungi meiri innflutningur en í desember í fyrra. Ef þriggja mánaða meðaltal er borið saman milli ára er aukningin 22%.

Heildar vöruinnflutningur fyrstu ellefu mánuði ársins nam um 219 milljörðum króna og ef skip og flugvélar eru ekki meðtalin, 212 milljörðum króna. Ef bráðabirgðatöla desembermánaðar er lögð við má ætla að innflutningur ársins 2004 hafi numið 231 milljarði króna, án skipa og flugvéla. Meðalinnflutningur á mánuði, raunvirtur, nam skv. þessum tölum um 20 milljörðum króna en var árið 2003 um 17 milljarðar króna. Raunaukning milli ára er því 18%.

Í síðustu spá ráðuneytisins sem birt var 1. október sl. var gert ráð fyrir að heildarinnflutningur ársins yrði tæpar 234 milljarðar króna og eru skip og flugvélar þar meðtalin. Það er því ljóst að innflutningur varð eitthvað meiri en á móti vegur að útflutningur virðist einnig nokkur meiri er ráð var fyrir gert. Ráðuneytið er nú að vinna að nýrri þjóðhagsspá sem birt verður í lok mánaðarins.

Hugsanlegar breytingar á upprunareglum fríverslunarsamninga

Frá 1. janúar 1997 hafa gilt samræmdar reglur um uppruna vöru í innbyrðis fríverslunarsamningum Evrópubandalagsins, Íslands, Noregs, Lichtenstein, Rúmeníu og Búlgaríu. Það þýðir m.a. að framleiðsluvörur skulu taldar upprunnar á Íslandi ef þær verða til þar og innihalda efni sem upprunnin eru í öðrum ríkjum sem samræmdu upprunareglurnar taka til að því tilskildu að aðvinnsla á Íslandi sé umfram þær aðgerðir sem eru skilgreindar sem ófullnægjandi aðvinnsla samkvæmt ákvæðum samninganna.

Nú eiga átta ríki við Miðjarðarhaf (Alsír, Egyptaland, Ísrael, Jordanía, Líbanon, Marokkó og Sýrland) auk sjálfstjórnarsvæðis Palestínnumanna og Færeyjar þess kost að gerast aðilar að samræmdu upprunareglunum. Þetta byggir á sameiginlegri yfirlýsingu utanríkisráðherra Evrópusambandsríkjanna og ríkja við Miðjarðarhaf ásamt sjálfstjórnarsvæðis Palestínnumanna í Barcelona árið 1995 um að stefnt skyldi að nánari efnahagslegri samvinnu á svæðinu. Önnur ríki, þ.á m. Ísland, hafa fallist á að taka þátt í samstarfinu. Síðar var Færeyjum boðin þátttaka í samstarfinu. Það er hins vegar ekki ljóst á þessari stundu hvort aðurnefnd ríki og svæði kjósi að gerast aðilar að reglunum en til þess að öðlast aðild að reglunum þurfa þau að taka upp samræmdu upprunareglurnar í sína samninga. Aðild fleiri ríkja að samræmdu reglunum gerir íslenskum fyrirtækjum kleift að leita aðfanga víðar með hagkvæmari hætti. Aðild Færeyja að samræmdu upprunareglunum mundi t.d. veita íslenskum fiskframleiðendum tækifæri til þess að nota hráefni, sem upprunnin er í Færeyjum, í auknum mæli til framleiðslu á vörum sem eiga að njóta fríðindameðferðar á grundvelli bókonar 4 við EES-samninginn.

Tekjur ríkissjóðs jan-nóvember		
12 mánaða breytingar, %	2002-2003	2003-2004
Skatttekjur alls	7,6	13,7
Skattar á tekjur og hagnað	7,7	17,0
Tryggingagjöld	11,0	10,3
Eignarskattar	-21,8	44,2
Veltuskattar	9,7	12,7
Tekjur alls	11,1	8,0

Gjöld ríkissjóðs jan-nóvember		
12 mánaða breytingar, %	2002-2003	2003-2004
Almenn mál	1,7	8,2
Félagsmál	11,8	9,2
Atvinnumál	15,6	1,9
Vaxtagjöld	-23,3	-6,1
Önnur útgjöld	13,9	6,0
Gjöld alls	8,6	6,9

Afkoma ríkissjóðs jan-nóvember		
M.kr.	2003	2004
Handbært fé frá rekstri	-22.687	-8.177
Hr. lánsfjárfjöfnuður	-1.631	9.557
Afborgun lána	-30.666	-32.321
Br. lánsfjárfjöfnuður	-39.172	-29.639
Lántökur	39.087	27.567
Greiðsluafkoma	-86	-2.072

Ýmsar hagtölur		
12 mánaða breytingar, %	2003	2004
Verðbólga - desember	2,7	3,9
Kjarnaverðb.1- desember	3,0	3,5
Launavísitala - nóvember	5,5	5,4
Heildarvelta janúar-ágúst	0,0	9,6
Smá.velta janúar-ágúst	0,3	4,3
Atvinnuleysi - nóvember	3,0	2,6